



Samtökin '78
Félag hinsegín fólks á Íslandi

7. ágúst, 2020

Samtökin '78 fagna því að loksns ná lög um jafna stöðu kynjanna einnig til þeirra sem falla ekki undir hugtökin karl og kona heldur hafa hlutlausa skráningu kyns. Þetta er mikil réttarbót fyrir kynsegin fólk en með kynsegin er átt við fólk sem skilgreinir kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins. Sumt kynsegin fólk er t.d. karlkyns og kvenkyns, hvorki karlkyns né kvenkyns eða skilgreinir ekki kyn sitt.

Við fögnum því að ráðherra taki sértaklega tillit til þessa hóps þar sem núgildandi lög um jafna stöðu karla og kvenna tekur ekki mið af þessum hópi fólks og eru því núju löginn mikil réttarbót og stórt skref í átt að jafnrétti allra einstaklinga.

Samtökin '78 taka einnig undir og fagna skilgreiningu frumvarpsins á fjölbættri mismunun. Samtökin '78 telja það mikla réttarbót að hafa skýran lagabókstaf þegar kemur að fjölbættri mismunun sem torvelt er að van- eða mistúlka. Þó telja samtökin að nauðsynlegt sé að skilgreina kynvitund, kynhneigð, kyneinkenni og kyntjáningu í orðskýringum laganna og benda á lög um kynrænt sjálfræði en þar eru skilgreiningarnar eftirfarandi:

1. Kyn (kynverund): Safnhugtak sem nær meðal annars yfir kyneinkenni, kyngervi, kynvitund og kyntjáningu.
2. Kyneinkenni: Líffræðilegir þættir sem tengjast kyni, svo sem kynlitningar, hormónastarfsemi, kynkirtlar og kynfæri.
3. Kyntjáning: Félagsleg tjáning einstaklings á kyni sínu.
4. Kynvitund: Upplifun einstaklings af eigin kyni og skilgreining hans á því.

Með því að skilgreina hugtök vel þá telja Samtökin '78 að það sporni við mistúlkunum síðar meir þegar reynir á lagabókstafinn.

Einnig benda Samtökin '78 á að þrátta fyrir að tillögurnar taki mið af einstaklingum með hlutlausa kynskráningu þá eru nokkrar greinar laganna sem mætti skoða betur. Þetta eru:

3. gr. Almennt ákvæði um vinnumarkað.
- Þar er fjallað um að jafna stöðu karla og kvenna í stjórnum og á vinnumarkað, ekkert er fjallað um einstaklinga með hlutlausa kynskráningu og þeirra stöðu á vinnumarkaði.
13. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.
Í þessari grein telja Samtökin '78 að það sé tilvalið að bæta við „öráreiti“. Öráreiti er þegar einstaklingur verður fyrir stöðugu áreiti t.d. vegna hinseginleika síns sem sís-gagnkyneigt fólk verður mögulega ekki vart við. Mikilvægt er að fólk átti sig á hugtakinu og geri ekki ráð fyrir ákveðnum hlutum í fari einstaklings eða móti umræðuna af fyrirfram ákveðnum hugmyndum.

Aukinheldur benda Samtökin '78 á að engin heildarlög, stefnu firlýsing eða áætlanir eru til á Íslandi er varða hinsegín fólk og réttindi þeirra. Vilja Samtökin '78 hvetja ráðuneytið til að athuga þau mál betur og hefja vinnu við að koma á heildarlöggjöf er varðar hinsegín fólk.

Samtökin '78 styðja frumvarpið með ofangreindum athugasemdu.

Virðingarfyllst,

Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður